

7. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 2. ágúst 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá:

1. Umsögn hreppsnefndar til Skipulagsstofnunar um Frummatsskýrslu vegna Hvalárvirkjunar.
2. Fundargerð stjórnar FV lögð fram til kynningar.
3. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, umsögn send.
4. Vestfjarðanefnd,...fundur á Drangnesi 26.júní.
5. Kostnaður sveitarfélaga vegna forsetakosninga, bréf frá Innanríkisráðuneyti
6. Erindi Vigdísar Grímsdóttur.
7. Skipulagsstofnun, Landsskipulagsstefna 2015-2026, skráning tengiliðar fyrir samráðsvettang.
8. Norðurfjarðarhöfn, framkvæmdum formlega lokið. Önnur verkefni og frágangur.
9. Finnbogastaðaskóli, næstu skref varðandi viðhald og fleira.

1. Umsögn hreppsnefndar til Skipulagsstofnunar um Frummatsskýrslu vegna Hvalárvirkjunar rædd og samþykkt. Umsögnin verður send til Skipulagsstofnunar.
2. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga lögð fram til kynningar.
3. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum rædd.
4. Fundarefni Vestfjarðarnefndar á Drangnesi 26. júní rætt.
5. Kostnaður sveitarfélaga vegna forsetakosninga yfirfarinn. Nokkrir þættir þurfa að koma þar inni s.s. akstur, laun og húsaleiga. Eva oddviti mun taka þetta saman og senda reikning til innanríkisráðuneytisins.
6. Erindi Vigdísar Grímsdóttur tekið fyrir. Búið er að leiðrétta laun sem Vigdís átti inni vegna breytinga á launum samkvæmt kjarasamningum. Varðandi niðurfellingu á leigu samþykkir hreppsnefnd þær kröfur að endurgreiða sem nemur 8 mánaða leigu 480.000. Óskar hreppsnefnd eftir því að gert verði skriflegt samkomulag um að málinu verði þar með lokið.
7. Bréf lagt fram til kynningar varðandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Vegna samráðsvettvangs mun Eva oddviti verða tengiliður Árneshrepps.
8. Framkvæmdum er formlega lokið við Norðurfjarðarhöfn. Nokkur atriði eru enn eftir við höfnina en það verður unnið í samvinnu við Vegagerðina. Guðlaugur mun hafa hönd í bagga með því að spili á höfninni komist gang fyrir næstu strandveiðivertíð.
9. Viðhald vegna Finnbogastaðaskóla rætt. Frystikista bilaði í sumar, Guðlaugur ætlar að kanna hvort hægt er að gera við hana. Kristmundur Kristmundsson mun sjá um að smíða og setja upp handriðið við íbúðina. Eva mun tala við Þórólf um að koma fyrir eldavél í íbúð.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:15